

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 165/1999

frá 26. nóvember 1999

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994⁽¹⁾.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/100/EB frá 17. febrúar 1997 um breytingu á viðauka við tilskipun 93/7/EBE um að skila menningarminjum sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 93/7/EBE) í XXVIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **396 L 0100:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/100/EB frá 17. febrúar 1997 (Stjtið. EB L 60, 1.3.1997, bls. 59).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 160, 28.6.1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 17, 28.6.1994, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 60, 1.3.1997, bls. 59.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 96/100/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. nóvember 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 26. nóvember 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

N. v. Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner

